



Stefnumið til umfjöllunar á Hjúkrunarþingi Fíh 25. október:

1. Forysta til árangurs

- 1) Staða yfirhjúkrunarfræðings (Government Chief Nursing Officer/GCNO) sé til innan stjórnkerfisins á Íslandi og í hana hefur verið ráðið
- 2) Stjórnendur og leiðtogar í hjúkrun séu virkir þátttakendur í stefnumótun hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu í samfélaginu
- 3) Fjöldi hjúkrunarfræðinga í stjórnunarstöðum innan heilbrigðisþjónustunnar sé í samræmi við hlutfall stéttarinnar innan heilbrigðiskerfisins
- 4) Vinnuveitendur í heilbrigðisþjónustunni bjóði hjúkrunarfræðingum 35 ára og yngri reglulega upp á markvissa leiðtogaþjálfun í samstarfi við Fíh.

2. Rétt þjónusta á réttum stað

- 1) Öflugar hjúkrunarmóttökur séu til staðar innan heilbrigðiskerfisins sem sinna 1. og 2. stigs heilbrigðisþjónustu
- 2) Hjúkrunarmóttökur fyrir aldraða með ýmis heilsufarsvandamál séu til staðar þar sem lögð verði áhersla á samstarf við heimahjúkrun og stuðning við aðra þjónustustaði fyrir aldraða.
- 3) Fjarheilbrigðisþjónusta og rafrænar lausnir séu virkir þættir í forvörnum, meðferð, endurhæfingu og eftirfylgd hjúkrunarfræðinga við skjólstæðinga sína



3. Fólkið í forgrunni

- 1) Mannaaflið í hjúkrun sé greind, þannig að tryggður sé a.m.k. lágmarksfjöldi hjúkrunarfræðinga til starfa í heilbrigðiskerfinu.
- 2) Viðmið um lágmarksmönnun hjúkrunarfræðinga sé til staðar á öllum heilbrigðisstofnunum.
- 3) Laun hjúkrunarfræðinga séu sambærileg við stéttir með sambærilega menntun og ábyrgð hjá hinu opinbera
- 4) Vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga sé öruggt, heilsueflandi, hvetjandi og eftirsóknarvert.

4. Virkir notendur

- 1) Hjúkrunarfræðingar séu virkir þátttakendur í þróun og innleiðingu nýrrar tækni í störfum sínum
- 2) Hjúkrunarfræðingar hafi forystu um hagnýtingu tæknilausna til að efla heilsulæsi almennings og stuðla að valdeflingu þeirra varðandi ábyrgð á eigin heilbrigði.
- 3) Nýsköpun á sviði rafrænna tæknilausna í hjúkrun sé hluti af menntun og símenntun hjúkrunarfræðinga.
- 4) Hjúkrunarfræðingar séu virkir þátttakendur í þróun fjarheilbrigðisþjónustu til almennings

5. Skilvirk þjónustukaup

- 1) Auknu fé sé varið í fjölgun stöðugilda sérfræðinga í hjúkrun á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar.
- 2) Fjöldi sérfræðinga í hjúkrun verði í samræmi við þarfir skjólstæðinga hjúkrunarfræðinga.
- 3) Lögfest sé vikkað starfssvið sérfræðinga í hjúkrun
- 4) Í lögum um sjúkratryggingar sé kveðið á um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegrar hjúkrunarmeðferðar sem sérfræðingar í hjúkrun framkvæma og til nauðsynlegrar geðheilbrigðisþjónustu sem veitt sé af sérfræðingum í geðhjúkrun og setningu reglugerðar þar um.

6. Gæði í fyrirrúmi

- 1) Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga einkennist af gæðamenningu og öryggisbrag
- 2) Óvænt atvik sem heilbrigðisstarfsfólk á aðild að geti ekki verið grundvöllur sakamáls nema sannað sé að um ásetning sé að ræða
- 3) Niðurstöður hjúkrunarnæmra gæðavisa séu aðgengilegar og samanburðarhæfar milli stofnana og við önnur lönd, sem og viðbrögð sem gripið er til



- 4) Vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga sé öruggt, líkamlega og tilfinningalega, hvetjandi og eftirsóknarvert.

7. Hugsað til framtíðar

- 1) Hjúkrunarfræðingar sem vinna á opinberum heilbrigðisstofnunum taki þátt í klínískum rannsóknum og gæðaverkefnum innan þeirra sérviðs og það verði hluti af vinnutíma sínum
- 2) Íslenskir hjúkrunarrannsakendur taki þátt í alþjóðlegu og norrænu vísinda- og rannsóknarsamstarfi og ráðstefnuhaldi.
- 3) Stöðugildum sérfræðinga í hjúkrun sem hafa rannsóknarskyldu verði fjölgað á háskólasjúkrahúsum, kennslusjúkrahúsum og innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- 4) Hjúkrunarfræðingar/sérfræðingar í hjúkrun séu þátttakendur í þverfaglegu samstarfi og vísindarannsóknum innan heilbrigðisþjónustunnar
- 5) Tímarit hjúkrunarfræðinga sé skráð í a.m.k. tvo alþjóðlega vísindagagnagrunna (ISI-skráning)